

Börkur Sigurbjörnsson

Leynibókin

örsaga



Urban Volcano

Leynibókin


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniú ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Leynibókin

Ég gekk inn í neðanjarðarlestina, fékk mér sæti og tók Nabokov upp úr bakpokanum. Áður en ég hóf lesturinn var mér litið yfir sætaröðina andspænis mér.

Ská á móti mér sat ung kona sem las *Morgunmat meistara* eftir Kurt Vonnegut. Fordómafullur, fannst mér þau ekki passa saman, konan og Kurt. Hún var glaðleg og full af lífsfjöri. Henni færi miklu betur að lesa *Morgunmat hjá Tiffany*.

Við hlið konunnar sat maður og las *Frú Dalloway* eftir Virginíu Woolf. Þetta var virðulegur maður í teinóttum jakkaföt-

um — eins og klipptur út úr enskri yfirstéttarsögu. Ég brosti með sjálfum mér þar sem ég ímyndaði mér hann sem gest í veislunni hjá Frú Dalloway.

Ég hélt ferð minni áfram eftir sætaröðinni og augun staðnæmdust á konu með Kindle lesbretti. Brosið hvarf snögglega af vörum mínum. Ég kunni ekki við lesbretti. Það eyðilagði upphalds stundagamanið mitt að geta ekki séð hvað fólk var að lesa.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano